

Sveitarstjórn Dalabyggðar
Miklabraut 11
370 Búðardal

Selfossi 25. júlí 2024

Efni: Umsögn um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Ólafsdal í Dalabyggð, frá 27.05.2024.

Vísað er til fyrri umsagnar Vina íslenskrar náttúru, VÍN um ofangreint málefni. Hér verður aðeins fjallað um lið 8. **Endurheimt fjölbreytts gróðurfars** í greinargerð tillögunnar um breytingu á deiliskipulagi fyrir Ólafsdal.

Það er afar jákvætt að fallið hefur verið frá því í þessari deiliskipulagsbreytingu að fjalla um þau svæði sem nefnd hafa verið skógræktarsvæði og eru nú nefnd *svæði til endurheimtar fjölbreytts gróðurfars*. „Breytingin er gerð vegna athugasemda sem borist hafa við deiliskipulagið og lýsa áhyggjum um að í ráði sé að breyta gróðurfari óhóflega með skógrækt“, segir í greinargerðinni. Á það skal bent að ekki mun vera til nýlegt og faglegt mat á ástandi lands í Ólafsdal, en ekkert bendir til þess að ástandi lands og gróðurs þar sé ábótavant. Ekkert kemur fram í tillögunni við hvaða tímabil sé miðað þegar rætt er um endurheimt fjölbreytts gróðurs. Á að miða við landnám eða gróðurfars um 1900 þegar Bændaskólinn var í rekstri? Í raun og veru er lítið vitað um gróðurfarið á þessum tímabilum og því rangt að nota hugtakið *endurheimt*. Líklegt er að ástand gróðurs í dalnum sé nú betra en var um 1900, þegar vetrarþétt tíðkaðist. Betra er að nota: *svæði með fjölbreyttu gróðurfari*.

Til þess að vernda fornminjar og aðrar minjar í Ólafsdal er afar brýnt að óheimilt verði með öllu að gróðursetja trjákenndar plöntur í Ólafsdal, því flestar þeirra hafa mikla tilhneigingu til að dreifa sér og hylja fornminjar eins og dæmin sanna um birkið sem kaffært hefur fornminjar á Vestfjörðum þegar sauðfjárbeit hætti á hlutaðeigandi svæðum. Sama gildir um fátíðni þess að láta sér detta í hug að gróðursetja erlendar ágengar trjátegundir eins og stafafuru og sitkagreni í Ólafsdal.

Gerð er athugasemd við eftirfarandi ákvæði:

„Að því marki sem gróðursett verður skal velja tegundir sem falla að gróðurfari í Ólafsdal og/eða rannsóknir benda sterklega til að hafi verið þar á fyrri tíð“. Þetta er afar óljóst orðalag og spurt er til hvers þarf að gróðursetja í Ólafsdal?

Gera verður kröfu um að Minjavernd ehf. fjarlægi nú þegar þær girðingar sem settar hafa verið upp í Ólafsdal. Þær þjóna engum tilgangi, eru ekki fjárheldar, sem betur fer og eru lýti í landslaginu.

Einu girðingarnar sem væru réttlætanager í dalnum, væru aðeins umhverfis bæjarhúsin.

Brýnt er að hófleg sauðfjárbeit fái að viðgangast í Ólafsdal til að vernda fornminjar gegn ágangi trjákennds gróðurs sem mun aukast verulega þegar og ef sauðfjárbeitar nýtur ekki lengur við.

Tekið er undir lokasetningu í þessum lið nr. 8 í tillögu að deiliskipulagi fyrir Ólafsdal.

„Breyting á gróðurþekju dalsins mun eiga sér stað á löngum tíma og bera þess keim að hún sé frekar af náttúrulegum orsökum en af manna völdum“.

Virðingarfyllst,
f.h. VÍN


Sveinn Runólfsson, formaður.